



Anna Ólafsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„Academics’ conceptions of “good university teaching” and perceived institutional and external effects on its implementation”
25. júní kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Dai Hounsell prófessor við University of Edinburgh og dr. Michael Schratz prófessor við University of Innsbruck.

Leiðbeinendur voru dr. Sigurlína Davíðsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og dr. Jón Torfi Jónasson prófessor, Háskóla Íslands. Samtíð sagði í doktorsnefndinni dr. Noel Entwistle, Professor of Education, University of Edinburgh.

Dr. Ólafur Páll Jónsson dósent og varadeildarforskiptur Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Miðvikudaginn 25. júní, kl. 13.00, fer fram doktorsvörn í menntavísindum frá Uppeldis og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver **Anna Ólafsdóttir** doktorsritgerð sína *Academics’ conceptions of “good university teaching” and perceived institutional and external effects on its implementation / Hugmyndir háskólakennara um „góða háskólakennslu“ og þættir innan og utan stofnunar sem þeir telja að hafi áhrif á hvernig kennslan fer fram.*

Andmælendur eru dr. Dai Hounsell prófessor við University of Edinburgh og dr. Michael Schratz prófessor við University of Innsbruck.

Leiðbeinendur Önnu voru dr. Sigurlína Davíðsdóttir prófessor emerita, Háskóla Íslands og dr. Jón Torfi Jónasson prófessor, Háskóla Íslands, en auk þeirra sat í doktorsnefndinni dr. Noel Entwistle, Professor Emeritus, University of Edinburgh.

Dr. Ólafur Páll Jónsson dósent og varadeildarforseti Uppeldis og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs stjórnar athöfninni.

Um verkefnið

Ritgerðin greinir frá rannsókn sem hafði að meginmarkmiði að greina hvað háskólakennarar álíta „góða háskólakennslu“, hvaða aðstæður í kennsluumhverfinu þeir telja nauðsynlegar til að hægt sé að kenna á þann hátt og hvaða þættir, hvort heldur er innan eða utan stofnunar, þeim finnst að ráði því hvort kennslan verði góð. Rannsóknin var tilviksrannsókn og tilvikið háskólastofnun á Íslandi. Skoðuð voru stefnuskjöl, lög og reglugerðir frá stjórnvöldum, og stefnuskjöl stofnunarinnar. Einnig voru tekin viðtöl við háskólakennara og stjórnendur í stofnuninni og voru það megingögn rannsóknarinnar. Í þriðja lagi var spurningalisti lagður fyrir alla kennara sem gegndu fastri akademískri stöðu innan stofnunarinnar. Fjórir þættir einkenna hugmyndir háskólakennara um „góða háskólakennslu“, í fyrsta lagi áhersla á ríkuleg gagnvirk samskipti nemenda og kennara, í öðru lagi kennsluundirbúningur sem miðar að því að hlúa að og efla skilning nemenda á viðfangsefninu, en tryggir um leið sem best jákvæða upplifun kennaranna sjálfra af samverunni við nemendur, í þriðja lagi notkun leiðsagnarmats sem hefur það að markmiði að styðja við námið og efla skilning og að síðustu áhersla á ýmis almenn námsmarkmið til viðbótar markmiðum sem tengjast beint fagþekkingu á því sviði sem námið tekur til. Rannsóknin sýndi að háskólakennarar álíta að til þess að þeir geti haldið úti slíkri kennslu þurfi að skapa kennsluumhverfi sem hvetji til virks náms og hún kalli einnig á að kennarinn horfi á námið af sjónarhóli nemendanna. Það er skýr skoðun kennaranna að fjöldi nemenda í námskeiðum og skipulag kennslurýmis ráði því hvort hægt sé að skipuleggja kennsluna þannig að nemendur verði virkir en einnig ráðist það af því hvort nemendur séu sjálfir reiðubúnir til að vera virkir þátttakendur í kennslunni. Kennarar telja sig geta betur sett sig í spor nemendanna með því að viðhafa leiðsagnarmat með skjótri og styðjandi endurgjöf. Kennarar töldu mikilvægt að þeir hefðu tækifæri til að nýta eigin rannsóknir eða rannsóknir af eigin fræðasviði sem hluta af kennsluefni námskeiða og einnig töldu þeir æskilegt að geta minnkað vægi prófa í námsmati. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að reiknilíkan stjórnvalda sem ákvarðar fjárframlag til háskólastofnana virki sem mótandi kraftur í kennslunni. Líkanið eins og það birtist í framkvæmd var almennt álitid hindra að kennarar gætu nýtt þær leiðir sem þeir annars kysu að nota í kennslu sinni og þannig ynni það gegn hugmyndum kennara um góða háskólakennslu. Niðurstöður sýndu einnig að kennurunum finnst almennt að viðmiðin sem stofnunin notar við að veita framgang í starfi gefi kennslu ekki nægjanlegt vægi miðað við mikilvægi þess þáttar í starfi háskólakennara. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að mikilvægt sé að efla skilning allra sem koma að ákvörðunum um málefni og starfsemi háskóla á gagnvirkni ákvarðanna sem teknar eru á stjórnvaldsstiginu, stofnanastiginu og einstaklingsstiginu.

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Enska

This thesis reports a study that had the overall aim to identify what university teachers believe to be “good university teaching”, what they judge to be the conditions necessary to be able to teach in that

way, and what factors, institutional and external, are seen to affect the implementation of good teaching practices.

A mixed-methods approach was used, conducting a case study of a single university institution in Iceland, and collecting and analysing data from different levels. Documentary data from the governmental level and the institution were reviewed. Following that, individual in-depth interviews with academic staff and administrators were conducted and these were the main focus the study. Subsequently a questionnaire survey, based on an analysis of the interviews, but also including the Approaches to Teaching Inventory (ATI), was distributed to all staff in the institution that had a permanent academic position.

The findings are that teachers, on the whole, see good teaching as being characterized by emphasis on rich teacher-student interaction, preparation of a kind which fosters student understanding and good teaching experiences, the use of formative assessment designed to facilitate learning and foster understanding, and recognition of various generic aims as important in addition to theoretical knowledge in a specific field.

The conditions that teachers believe to be essential for them to carry out “good teaching” are conditions that “encourage active learning” and “show concern for the student perspective”. “Active learning” is seen as depending on appropriate class size, suitable classrooms, and having students who are actively responsive in class. “Concern for the student perspective” is seen in terms of providing formative assessment, with prompt and helpful feedback. Additional dimensions of favourable conditions described being able to use own research or field of research as a part of the course content and move away from over-reliance on examinations.

The findings indicate that governmental edicts work in various ways as moulding forces, affecting university teaching, when implemented at institutional level, through policy procedures. One such is the model that determines the financial contribution to universities. The findings indicate that the model, as it works, acts as an inhibitor to preferred approaches to teaching and contradicts ideas of what constitutes teaching of good quality. The findings revealed that the promotion criteria, used by the institution are perceived as not really rewarding teaching considering its importance.

Based on the findings it is concluded that a better understanding of the way in which decisions at the three different levels interact could help to ensure that the implementation of policy works in ways which encourage quality teaching and learning and provides more effective advice to staff on how to cope in any unfavourable circumstances that might inhibit good teaching in their discipline. But, not least it is a matter of concern to what extent the ideas held by academic staff, and their expertise as scholars in their field, are allowed to guide and influence policy procedures.

Um doktorsefnið

Anna Ólafsdóttir lauk stúdentsprófi frá MR 1975, grunnskólakennaraprófi frá KHÍ árið 1983, og M.Ed. – prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá sama skóla árið 2003. Anna starfaði um árabil við almenna kennslu og tónmenntakennslu á grunnskólastigi, tónlistarkennslu í tónlistarskólum og kennslu í tölvu- og upplýsingatækni á ýmsum aldurstigum. Hún var verkefnisstjóri Menntasmiðju kvenna á Akureyri árið 1999-2000 en hóf haustið 2000 störf við Háskólann á Akureyri, fyrst sem verkefnastjóri fjarkennslu, en frá 2004 hefur hún gegnt akademískri stöðu við stofnunina og er nú starfandi dósent

við kennaradeild. Anna hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum, bæði innlendum og fjölþjóðlegum. Sambýlismaður Önnu er Pálmi Gunnarsson og eiga þau tvær dætur, Ragnheiði Helgu og Ninnu Rún.